

## Svartfjallaland á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skaða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum auk þess að til staðar séu úrræði ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt lögum um útlandinga nr. 80/2016 er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til forgangsmeðferðar, sbr. 29. gr. laganna, en sérstakt mat á því hvort umsókn eigi undir slíka málsmeðferð sem og mat á málsatvikum í hverju máli fyrir sig fer ávallt fram.

Svartfjallaland lýsti yfir sjálfstæði frá Serbíu árið 2006. Síðan þá hefur einn einstaklingur frá Svartfjallalandi sótt um vernd á Íslandi og var það árið 2017.

Ríkið Svartfjallaland er sett á lista stofnunarinnar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda í Svartfjallalandi kveða á um að Svartfjallaland sé lýðræðisríki og að þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt í Svartfjallalandi.
  - a. Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnmalaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Svartfjallalands sem og önnur landslög banna hvers konar mismunun borgara á grundvelli fyrrgreindra ástæðna.<sup>1</sup> Engu að síður eru dæmi um að mismunun sé enn til staðar á einstaka sviðum samfélagsins. Yfirvöld hafa með mismiklum árangri reynt að uppræta þá mismunun sem er til staðar. Landaupplýsingar um Svartfjallaland bera þó ekki með sér að mismunun ríkisborgara Svartfjallalands sé slík að jafnað verði til ofsókna eða illrar meðferðar.
  - b. Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er almennt virt. Svartfjallaland hefur innleitt víðtækar umbætur í landslög sín til að fullnægja skilyrðum Evrópusambandsins og alþjóðlegum mannréttindastöðlum og til að tryggja að fullnægjandi aðferðir séu til staðar til að vernda viðkvæma hópa fyrir mismunun.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> U.S. Department of State. *2016 Country Reports on Human Rights Practices, Montenegro*. 3. mars 2017. Aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/country,,,MNE,,58ec89f8a,0.html>

<sup>2</sup> Sama heimild.

- c. Svartfjallaland er aðili að Genfarsáttmálanum, Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum helstu mannréttindasáttmálum.<sup>3</sup> Sérstakur umboðsmaður starfar í landinu en hlutverk hans er að standa vörð um mannréttindi og frelsi ásamt því að bregðast við kvörtunum og ábendingum. Enn fremur eru engar upplýsingar sem benda til þess að ríkið hafi ekki virt grundvallarregluna um bann við því að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Auk þess er kveðið á um það í stjórnarskrá Svartfjallalands að ekki megi endursenda einstaklinga til ríkis þar sem þeir eigi á hættu að sæta ofsóknum á grundvelli kynþáttar, kyns, trúar, þjóðernisuppruna, ríkisborgararéttar, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða stjórnámálskoðana sinna eða þangað sem þeir eigi á hættu alvarleg brot á mannréttindum sínum sem séu annars varin af stjórnarskrá Svartfjallalands.<sup>4</sup>
- d. Spilling í réttarkerfi Svartfjallalands er vandamál. Er hún víða rótgróin og einkennist af frændhygli og pólitískum ráðningum. Stjórnvöld hafa hins vegar reynt að draga úr spillingu, m.a. með því að auka saksóknir gegn spillingu jafnvel á meðal æðstu embættismanna, styrkja löggjafarvaldið og koma á fót nýjum lögum um varnir gegn spillingu.<sup>5</sup>
2. Í Svartfjallalandi er fullnægjandi lögregluvernd til staðar og er hún almennt talin vera skilvirk og áhrifarík.<sup>6</sup> Á undanförunum árum hafa eftirlitsaðilar með störfum lögreglunnar verið eflir.<sup>7</sup> Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir, auk saksóknara og lögreglu, réttinda borgaranna. Eftirfylgni við hverslags brotum gegn refsilöggjöf er til staðar. Réttarkerfi Svartfjallalands fullnægir enn sem komið er ekki stöðlum Evrópusambandsins en unnið er að nauðsynlegum breytingum. Árið 2016 var til að mynda ár mikilla framfara í réttarkerfinu þar sem skilvirkni og gagnsæi jókst til muna.<sup>8</sup>
3. Svartfjallaland sótti um aðild að Evrópusambandinu árið 2007 og fékk veitta stöðu umsóknarríkis árið 2010. Viðræðurnar ganga vel og talið er mögulegt, að öllu óbreyttu, að Svartfjallaland geti gengið í Evrópusambandið árið 2025 að sögn forseta framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins.<sup>9</sup>

<sup>3</sup> UNESCO. *Conventions – Montenegro*. Aðgengilegt á:

<https://en.unesco.org/countries/montenegro/conventions>

<sup>4</sup> Constitute. *Montenegro's Constitution of 2007*. 23 nóvember 2017. Aðgengilegt á:

[https://www.constituteproject.org/constitution/Montenegro\\_2007.pdf?lang=en](https://www.constituteproject.org/constitution/Montenegro_2007.pdf?lang=en)

<sup>5</sup> Freedom House. *Nations in transit 2017 – Montenegro*. Aðgengilegt á:

<https://freedomhouse.org/report/nations-transit/2017/montenegro>

<sup>6</sup> U.S. Department of State. *2016 Country Reports on Human Rights Practices, Montenegro*. 3. mars 2017.

Aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/country,,,MNE,,58ec89f8a,0.html>

<sup>7</sup> European Union: European Asylum Support Office (EASO). *EASO Country of Origin Information. Report Montenegro Country Focus*, nóvember 2016. Aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/docid/587502094.html>

<sup>8</sup> Freedom House. *Nations in transit 2017 – Montenegro*. Aðgengilegt á:

<https://freedomhouse.org/report/nations-transit/2017/montenegro>


<sup>9</sup> Juncker expects Montenegro and Serbia to join EU before 2025. 8. nóvember 2017. Aðgengilegt á:

<https://europeanwesternbalkans.com/2017/11/08/juncker-expects-serbia-join-eu-2025/>

Mörg Evrópuríki hafa þegar sett Svartfjallaland á lista yfir örugg ríki, t.d. Austurríki, Belgía, Danmörk, Frakkland, Lúxemborg og Bretland.<sup>10</sup>

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega, á eigin forsendum, með tilliti til fyrirbyggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma. Það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 24. janúar 2018



Kristín Völundardóttir, forstjóri

---

<sup>10</sup> European Commission: *An EU „Safe Countries of Origin“ list*. Aðgengilegt á: [http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2\\_eu\\_safe\\_countries\\_of\\_origin\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf)